

Nd.

180. Frumvarp

til laga um lýsismat.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Allir þeir, sem lýsi selja eða senda úr landi frá löggiltum kauptúnum, skulu eiga kost á að fá það flokkað og metið af lögskipuðum matsmönnum.

2. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn á hverjum stað skulu hafa lýsismat á hendi, en áhöld til lýsirrannsókna og merkingar leggur landsstjórnin til.

Hverri lýsissendingu, sem merkt er og metin að lögum þessum, skal fylgja sýnishorn í prófglösum af lýsistegundunum, með samskonar merkingu og lýsisilátin hafa. Prófglösin leggur útflytjandi til.

Vottorð skulu yfirmatsmenn jafnan gefa um skoðunina, og eru þau lögfull sönnun þess, að lýsið sje rjettilega flokkað og merkt.

3. gr.

Kostnaður við lýsismat greiðist af útflytjendum, eftir sömu reglum sem kostnaður við fiskimat. Nánari reglur um tilhögun matsins, flokkun og merkingu lýsisins ákveður stjórnarráðið eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Reynst hefir ókleift að selja útlendum heildkaupmönnum lýsi á skipsfjól (fob) undanfarin ár, og hefir það spilt fyrir lýsissölnunni. Til þess að bæta úr þessu og liðka sölnuna er farið fram á lýsismat. Hafa óskir um slikt komið frá lýsissöllum. Mat á saltfiski og sild hefir orðið landinu að miklu gagni, og þykir óhjákvæmilegt. Ámóta hagsmuni mundi lýsismat hafa i för með sjer þeim til handa, er lýsi selja úr landi.